

Tilmæli 8/2017

Fyrri skjalsnúmer	A 1700/hállbart
Afgreiðsla	Norræna sjálfbærninefndin
Fylgiskjal/-skjöl	A 1700/hállbart: Nefndarálit um þingmannatillögu um að draga úr plastúrgangi á Norðurlöndum

Aðgerðir sem geta stemmt stigu við mengun hafsins og hvatt neytendur og framleiðendur til að endurvinna plastúrgang í auknum mæli

Með vísan til 45. og 56. gr. Helsingforssamningsins samþykkti Norðurlandaráð þann 27. júní 2017 eftirfarandi tilmæli í meðferð forsætisnefndar að tillögu norrænu sjálfbærninefndarinnar.

Norðurlandaráð beinir þeim tilmælum til norrænu ríkisstjórnanna

að þær miðli og nýti upplýsingar og reynslu norrænu landanna af innleiðingu tilskipunar ESB um að draga úr notkun á þunnum burðarpokum úr plasti;

að þær þrói og taki í notkun hvata fyrir neytendur sem og framleiðendur, sem gætu leitt til aukinnar endurvinnslu plastúrgangs;

að þær fylgi eftir aðgerðaáætlun HELCOM um að draga úr úrgangi í hafinu, og leggi fram greinargerð um árangur aðgerðaáætlunarinnar á þingi Norðurlandaráðs 2018;

að þær beiti sér alþjóðlega, á vettvangi ESB og stofnana Sameinuðu þjóðanna, fyrir aðgerðum sem stöðva mengun hafsins með plastúrgangi.

Kaupmannahöfn, 3. júlí 2017

Britt Lundberg

Forseti Norðurlandaráðs

Britt Bohlin

Framkvæmdastjóri Norðurlandaráðs